

siðir ríkiskyrikjunnar ensku voru því á ýmsan hátt óaðgengilegit, og þegar það kom þangað sem það sjálft réði lögum og lofum, setti það á stofn kyrkjú með syrikomulagi samkvæmt sínum eigin vilja. Þessi Ný-Englandss kyrkja var fyrst framan af mjög þröng og íhaldssöm, ekki ádeins hvað snerti trúarskoðanir—þær voru strang —kalvínskar—heldur einnig með tilliti til almennum röttinda og stjórnarfars. Atkvæðisrétt höfðu þeir einir, sem voru góðir og gildir kyrkjumeðlimir. Öll völd voru í höndum þeirra, sem atkvæðamestir voru í kyrkjumálunum og þá um leid vissir talsmenn þeirra sérstöku skoðana sem kyrkjan flutti. En í stofnum þessarar kyrkju var þó eitt, sem síðar hjálpaði til þess að nýjar skoðanir ruddu sér til rúms innan hennar, og það var, að hún hafði enga titatá trúarjátningu. Kyrkjan var stofnuð með sáttmála (Covenant) en ekki með trúarjátningu. Trúarjátningin var skilin í kenningunum, það var enginn vaf um hverju trúu aðtti. En seinna þegar menn fóru að efast um það og bera brigður á sumar kenningarnar, var trúarjátningarleysið hjálp syrir þá frjálslyndari, sem orsakaði það, að nýjar stefnur gátu gráfið um sig og náð útbreiðslu á skömmum tíma.

Þess var heldur ekki langt að biða að nýjar stefnur kæmu. Ný-Englandss bygðin var brezk nýlenda, sem stóð í nánu sambandi við England. Áhrif gátu því borist þaðan mjög greiðlega. Að vísu var þeim veitt fylsta móttæða alllengi, en svo fór þó að það var ekki lengur hægt. Fleiri og fleiri raddir heyrðust á móti þeirri grímdætaðferð, að setja menn í gapastokk, gera þá útlæga og lífláta þá vegna skoðana sinna. Trúarbragðalegu áhrifin, sem bárust á 18 oldinni frá Englandi til Ameríku komu að mestu leyti frá frjálslyndum enskum rithöfundum, sem héldu fram umburðarlyndi og trúfrelsi. Í afleiðingum þessara áhrifa á hugsun- arhátt vissra manna er upphaf únítarísku hreyfingarinnar að finna í Ameríku, þó enn liði nokkur tími þar til nafnið var notað. Trúarbragðalegt frjálslyndi var þá yfirleitt nefnt Arminískra og skoðað sem áframhald af Arminíusar stefnunni á Hollandi, sem getið hefir verið um. En aðal atriðið í þessu vaxandi frjálslyndi var það, að menn voru betur og beturað komast til meðvitundar um rétt einstaklingsins til að hafa sína eigin sannfæringu í trúar-